

6. bekkur danska

Kennarar: Björn Lúðvíksson; Lára Thors

Lýsing

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Gert er ráð fyrir að danska sé alla jafna það norræna tungumál sem kennt er í skólum hér á landi. Danska skiptist í hlustun, lesskilning, frásögn, ritun, menningarlausni, námshæfni og samskipti. Í dönsku eru unnið eftir hæfnimarkmiðum aðalnámskrár frá 2013.

Markmið

Tilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist hæfni til að nota tungumálið sem verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í tungumálanáminu eiga nemendur að tileinka sér vinnubrögð og aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum og verða þeim veganesti út í lífið.

Námsefni

Start lesbók og vinnubók, kvikmyndir, leikir, spil og annað efni frá kennara.

Kennsluaðferðir

Innlögn kennara, hlustunaræfingar, tjáskipti, leitaraðferðir, umræður, einstaklingsvinna, para og hópavinna.

Námsmat

Námsmat metið með virkni í tímum, vinnubók og önnur verkefni.

Danska við lok 1. stigs

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Danska við lok 1. stigs - Lesskilningur

- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.

Danska við lok 1. stigs - Náms hæfni

- Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.
- Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.